

HVAÐ UM LÍFEYRISRÉTTINDIN?

Flestir starfsmenn sveitarfélaga í opinberum stéttarfélögum eru í Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga (LSS).

Almenna deildin hjá LSS er sambærileg við A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR). Starfsmenn geta með samþykki viðkomandi sveitarfélags verið áfram í A-deild LSR eftir yfirfærsluna.

Starfsmönnum í B-deild LSR verður tryggður réttur til að vera þar áfram með óslitna réttindaávinnslu.

Lífeyrissjóðsaðild starfsmanna í almennum stéttarfélögum helst óbreytt.

HVAÐ MEÐ SÍ- OG ENDURMENNTUNINA?

Aðgengi starfsmanna að sí- og endurmenntun verður áfram tryggt með sama eða svipuðum hætti og áður. Þetta á meðal annars við um starfstengt nám fyrir stuðningsfulltrúa.

Sveitarfélög greiða sérstakt gjald í fræðslu- og starfsmenntunarsjóði, svo sem Sveitamennt og mannauðssjóði bæjarstarfsmannafélaga.

Fræðslusetur Starfsmenntar býður meðal annars upp á sí- og endurmenntun fyrir starfsmenn sveitarfélaga.

SVEITARFÉLÖG FAGNA FJÖLBREYTILEIKA

Sveitarfélög fagna því að yfirfærsla á þjónustu við fatlað fólk sé loks að verða að veruleika.

Yfirfærslunni fylgja tækifæri og áskoranir fyrir sveitarfélög til að bæta enn frekar þjónustu við fatlað fólk.

Með flutningnum styrkist innra skipulag sveitarfélaganna og fagleg geta þeirra og færni til að fást við flókin verkefni í þágu íbúanna eykst.

Samstaða ríkir um verkefnið milli ríkis, sveitarfélaga og hagsmunasamtaka fatlaðs fólks.

Góð samvinna sveitarfélaga, starfsmanna, stéttarfélaga, fatlaðs fólks og hagsmunasamtaka þeirra er forsenda þess að vel takist til.

Kjarasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga
Umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir
Ábm. Inga Rún Ólafsdóttir
© Samband íslenskra sveitarfélaga
Útgefið í október 2010/15

Borgartún 30
Pósthólf 8100, 128 Reykjavík
samband@samband.is • www.samband.is

Starfsumhverfi starfsmanna sveitarfélaga

Yfirfærsla á málefnum fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga



- Þjónusta við fatlað fólk flyst frá ríki til sveitarfélaga í ársbyrjun 2011
- Mörg sveitarfélög hafa áralanga reynslu af rekstri málaflokksins
- Starfsmönnum sveitarfélaga fjölgar um 1400 manns
- Réttindi og starfskjör starfsmanna verða sambærileg



Samband íslenskra sveitarfélaga

Starfsumhverfi starfsmanna sveitarfélaga

Sveitarfélögin standa frammi fyrir krefjandi en jafnframt spennandi verkefni við yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks til sveitarfélaga í ársbyrjun 2011.

Gert er ráð fyrir að þjónustuvæðin verði 15 talsins. Áralöng reynsla er af rekstri málaflokksins hjá Sveitarfélaginu Hornafirði, Vestmannaeyjabæ, Akureyrarkaupstað, Norðurþingi og byggðasamlagi á Norðurlandi vestra.

Ný þjónustuvæði verða Reykjavíkurborg ásamt Seltjarnarnesi, Kópavogsbær, Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Mosfellsbær, en sveitarfélög á Vesturlandi, Vestfjörðum, Austurlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum munu hafa samstarf um þjónustuna innan þessara svæða.

Markmiðið með yfirfærslunni er að tryggja góða velferðarþjónustu við fatlað fólk og jafnframt að stuðla að samþættri og heildstæðri nærþjónustu við íbúa sveitarfélaga.

MANNAUÐUR

Við yfirfærslu málaflokksins fá um 1400 ríkisstarfsmenn nýjan vinnuveitanda hjá viðkomandi sveitarfélögum.

Starfsmennirnir búa yfir sérhæfðri þekkingu og reynslu. Þeir verða dýrmæt viðbót við þann öflugan starfsmannahóp sem nú þegar sinnir velferðarþjónustu sveitarfélaga.

HVAÐ BREYTTIST MEÐ NÝJUM VINNUVEITANDA?

Við yfirfærslu þjónustunnar og með nýjum vinnuveitanda munu allir starfsmenn færast yfir á kjarasamninga sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.

Hér er um að ræða kjarasamninga við háskólafélög, einstök fagfélög, bæjarstarfsmannafélög í BSRB og almenn stéttarfélög í ASÍ.

Í lögum er kveðið á um það hvaða stéttarfélög opinberra starfsmanna fari með samningsrétt gagnvart ríki og sveitarfélögum. Samkvæmt þeim fara bæjarstarfsmannafélög með samningsréttinn vegna starfa í þjónustu sveitarfélaga sem ekki krefjast lögformlegra starfsréttinda eða uppfylla skilyrði um formlega menntun sem jafna má til slíkra starfsréttinda.

Samband íslenskra sveitarfélaga, áður Launanefnd sveitarfélaga, fer með samningsumboð sveitarfélaga að Reykjavíkurborg undanskilinni.

BREYTTAST KJÖR OG RÉTTINDI STARFSMANNA?

Starfskjör og réttindi í kjarasamningum sveitarfélaga standast samanburð við það sem gildir hjá ríkinu. Þetta á meðal annars við um vinnutíma, vaktir, orlof, tilhögun fæðingarorlofs og veikindarétt.

Launamyndun í kjarasamningum sveitarfélaga og ríkis er að ýmsu leyti ólík en leiðir þó almennt til sambærilegra launa fyrir dagvinnu. Það sama á við um vaktaálag og annað sem tengist vinnu utan dagvinnumarka.

Gengið er út frá því að dagvinnulaun samkvæmt eldri kjarasamningi haldist almennt óbreytt reynist þau starfsmanni hagstæðari.

Áunnin réttindi starfsmanna flytjast með þeim frá ríki til sveitarfélaga þar með talin starfsaldurstengd réttindi.

Í kjarasamningum sveitarfélaga við bæjarstarfsmannafélög í BSRB og almenn stéttarfélög í ASÍ er samið um launasetningu samkvæmt starfsmatskerfinu SAMSTARF. Hjá Reykjavíkurborg hafa félög háskólamenntaðra starfsmanna einnig samið um starfsmat.

HVAÐ ER STARFSMAT?

SAMSTARF er samræmt starfaröðunarkerfi sem er viðurkennt af Alþjóðavinnuálagstofnuninni.

Störfum er raðað kerfisbundið eftir innihaldi þeirra, þ.e. helstu verkefnum og kröfum. Með starfsmati skapast þannig hlutlæg viðmið til grunnröðunar á störfum. Forsendur launaákvæðana byggðar á starfsmati verða skýrari, sýnilegri og aðgengilegri fyrir starfsmenn.

